Þau munu ekkert finna nema sand

Eyal Weizman skrifar um eyðilegginguna á Gaza.

Í þjóðarmorðssamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1948 eru taldir upp fimm verknaðir sem teljast þjóðarmorð þegar þeir eru framdir í þeim tilgangi að útrýma þjóðflokki að hluta eða í heild. Fyrstu tveir varða fjöldamorð og alvarlegan líkamlegan eða andlegan skaða. Sá fjórði og fimmti varða að koma í veg fyrir líffræðilega samfellu hóps. Þriðja bannið, sem sett er fram í c-lið II. greinar, bannar að „af ásettu ráði skapa þjóðflokki slík lífsskilyrði að ætla megi að þau leiði til útrýmingar hans að nokkru eða öllu leyti“. Þetta vísar til óbeinna morða, þeirra sem beinast ekki að mannslíkamanum heldur umhverfinu sem heldur honum uppi. Næganleg „lífsskilyrði“ krefjast bygginga, sjúkrahúsa, félagslegra innviða, fráveitu- og vatnskerfa, rafveitukerfa og landbúnaðar. Eyðilegging eða niðurbrot slíkra mannvirkja af ásteningi grefur undan getu fólks til að lifa af og leiðir til hægari og kvalafyllri útrýmingar.

Sú hugmynd að manngert umhverfi ákvarði lífsskilyrði hóps minnir á móderníska hugmynd um byggingarlist, sem var ríkjandi þegar orðið „þjóðarmorð“ var fyrst hugsað og skilgreint af pólska gyðingnum og lögfræðingnum Raphael Lemkin í bók hans frá 1944, *Axis Rule in Occupied Europe*.

Nútíma byggingarlist miðaði að því að reikna út og bæta lífsskilyrði. Borgir áttu að vera skipulagðar í samræmi við meginreglur lýðheilsu og heimili, samkvæmt frægri skilgreiningu Le Corbusier, áttu að vera „vélar til að búa í“, stilltar til að hámarka framboð líffræðilegra nauðsynja – hita, hreinlætis, loftrásar, matar og jafnvel kynæxlunar.

Bókin Architect´s Data (1936) eftir þýska módernistaarkitektinn Ernst Neufert eru enn notuð af arkitektum sem leita að hagkvæmustu stærðum fyrir eldhús, svefnherbergi eða jafnvel garðbekki. Á þriðja áratugnum var Neufert aðstoðarmaður Walter Gropius, stjórnanda Bauhaus. Síðar, fyrir hönd nasistaflokksins, hafði hann umsjón með stöðlun byggingariðnaðarins í Þýskalandi, sem að mestu var knúinn áfram með þrælavinnu. Nokkrir útskrifaðir nemendur frá Bauhaus hönnuðu fangabúðir. Meðvituð niðurlæging lífsskilyrða sneri verkefni nútímaarkitektúrs úr því að bæta líf í það að framleiða dauða.

Lemkin skilgreindi þjóðarmorð sem aðgerð miðaði að „eyðileggingu á grundvallarstoðum lífs þjóðernishópa“. Hann hafði í huga hvernig nasistar litu á gyðingahverfin og þrælabúðirnar sem leið til hægfara, óbeinnar útrýmingar. En hann var einnig meðvitaður um nýlenduuppruna þessarar eyðingaraðferðar. Þrátt fyrir að beinar fjöldamorðsárásir hafi átt sér stað á nýlendusvæðum alls staðar, hafa hægfara, óbein dráp oftar verið leiðin til að útrýma frumbyggjum. Frumbyggjar voru sviptir búsvæðum forfeðra sinna, aðskildir frá landinu sem þeir reiddu sig á fyrir lífsviðurværi og helgihald, neyddir inn á verndarsvæði og þannig eytt til að rýma besta landið fyrir landnám Evrópubúa.

Tveimur og hálfu ári eftir 7. október 2023 hefur meirihluti Gazasvæðisins – borgir, flóttamannabúðir, skólar, háskólar, moskur, heilbrigðisinnviðir, landbúnaður, brunnar og jarðvegurinn sjálfur – verið eyðilagður og eitraður með sprengjum, stórskotaliði, skriðdrekaskotum og aðgerðum verkfræðingasveita ísraelshers. Kerfisbundnasta eyðileggingin var af völdum D9 jarðýta frá bandaríska fyrirtækinu Caterpillar. Þessar risastóru brynvörðu vélar stungu blöðum sínum í jörðina, rótuðu upp ökrum, felldu aldingarða, jöfnuðu heimili við jörðu, rifu upp vegi og plægðu í gegnum kirkjugarða. Eyðileggingin náði frá ytri mörkum Gazasvæðisins og ýtti Palestínumönnum inn á svæði sem ísraelski herinn kallaði „öryggissvæði“ og „mannúðarsvæði“, þótt þau væru aldrei örugg eða mannúðleg. Þessi yfirfullu strandsvæði, eins og al-Mawasi með sínum hrjóstrugu sandöldum, voru án húsnæðis, heilbrigðisþjónustu eða annarrar þjónustu og voru stöðugt sprengd úr lofti og ráðist á þau á jörðu niðri. Jarðýturnar breyttu hinu frjósama landbúnaðarsvæði austurhluta Gaza í einlita eyðimörk úr muldu gráu sementi blönduðu við gulleitan jarðveg svæðisins. Heilar borgir eins og Rafah, bæir eins og Beit Hanoun og flóttamannabúðir eins og Jabalia voru þurrkaðar út. Þegar byggingar eru sprengdar eða jafnaðar við jörðu losna leifar þeirra – plast, raflagnir, leysiefni, einangrun, asbest – og

losa eitruð efni út í jarðveginn. Sumar sprengjur grafast djúpt í jarðveginn áður en þær springa og losa þungmálma eða málmunga – eins og úran, blý og arsen[1] – djúpt neðanjarðar. Mörg þessara efna eru lengi að brotna niður og munu hafa áhrif á samsetningu jarðvegsins í áratugi. Búsvæðum hefur verið breytt í það sem fyrrverandi ísraelskur hershöfðingi, Giora Eiland, lýsti sem stað „þar sem engin mannvera getur lifað“.

Lemkin skildi lífsskilyrði þannig að þau fælu ekki aðeins í sér innviði sem gera líffræðilega tilveru mögulega heldur einnig félagslega og menningarlega samfellu: trúarlegar byggingar, skóla, bókasöfn, og sögulega menningarstaði. Á Gaza hefur flest af þessu einnig verið kerfisbundið rifið niður. Þjóðarmorðssáttmálinn sem var fullgiltur árið 1948 minntist ekki á „menningarlegt þjóðarmorð“ sem Lemkin taldi að ætti að vera með. Heilir kaflar voru skildir eftir utan sáttmálans. Heimsveldi eins og Bretland, Frakkland, Belgía og Holland, sem þá reyndu að bæla niður uppreisnir gegn nýlendustjórn, vildu að þjóðarmorð yrði skilgreint á þann hátt að það myndi ekki takmarka starfsemi þeirra. Landnemaríki – Ástralía, Bandaríkin og Kanada – sem höfðu eyðilagt sögulega byggingararfleifð, menningu og tungumál frumbyggja, mótmæltu einnig. En menningarlegt og líffræðilegt líf eru ekki aðskilin svið þegar kemur að lífsmöguleikum þjóða. Á Gaza orsakaði kerfisbundin eyðilegging umhverfisins – akra, vatnsbóla og fiskiðnaðarins – getu samfélagsins til að fæða sig sjálft. Árásir á skóla og moskur drógu úr getu þess til að skipuleggja sig og veita gagnkvæma umönnun til að draga úr verstu áhrifum skorts og ýttu þannig undir hungursneyð. Eyðilegging á einu sviði magnar upp skaðann á öðrum sviðum.

Þann 13. október 2023, sex dögum eftir árás Hamas á ísraelskar landnemabyggðir og herstöðvar í kringum Gaza, fyrirskipaði Ísrael rýmingu Gazaborgar og sendi Palestínumenn á norðurhluta Gaza í átt að suðurlandamærunum að Egyptalandi. Í skjali sem ráðuneyti ísraelskar leyniþjónustu (Ministry of Intelligence) útbjó og var lekið til netmiðilsins *+972* var ástæðan fyrir þessu útskýrð: þar var mælt með allsherjar brottrekstri Palestínumanna af Gazasvæðinu yfir á Sínaí-skagann í Egyptalandi og því haldið fram að það myndi „skila jákvæðum, langtíma hernaðarlegum árangri fyrir Ísrael“. Eyðilegging lífsskilyrða átti að flýta fyrir brottför íbúa Gaza. Stærsta loftárásaherferð sögunnar gekk eins og eldteppi frá norðri til suðurs.

Fjöldabrottrekstur Palestínumanna frá Gaza til Egyptalands hefur verið markmið ísraelskra stjórnvalda síðan í desember 1948, þegar herinn reyndi fyrst, án árangurs, að hreinsa þetta síðasta landsvæði sem eftir var meðfram Miðjarðarhafsströnd Palestínu. Herinn reyndi aftur á sjötta áratugnum og jók aðgerðir eftir stríðið 1967, þegar Ísrael hertók bæði Gazasvæðið og Sínaí-eyðimörkina. Árás Hamas 7. október 2023 veitti Ísrael annað tækifæri. Ísraelskir stjórnmálamenn og talsmenn fjölmiðla básúnuðu áætlanir um brottrekstur. Benjamin Netanyahu staðfesti að hann væri stöðugt að reyna að flytja Palestínumenn burt frá Gaza. Ísraelskir og sumir bandarískir embættismenn hófu að beita Egypta þrýstingi til að taka við miklum fjölda flóttamanna. Í átta mánuði forðaðist ísraelski herinn að hertaka landamærasvæðið nálægt Rafah og lét útgönguleiðina til Egyptalands vera opna.

Margir Palestínumenn, sem minntust afleiðinga fjöldaflóttans 1948, neituðu að yfirgefa heimili sín. Þeir héldu kyrru fyrir í rústum Gazaborgar þrátt fyrir sprengjuárásir og þrátt fyrir að neitað væri um hjálpargögn. Egyptar gættu landamæranna náið og neituðu að hleypa Palestínumönnum inn í stórum stíl, en leyfðu aðeins þeim að koma inn sem gátu greitt fáránlega háar fjárhæðir. Þar sem Ísrael náði ekki markmiði sínu reyndi það þess í stað að þjappa Palestínumönnum saman á sífellt minna svæði á Gazasvæðinu þar til næsta tækifæri til brottflutnings gæfist. Utan þessara svæða var alger eyðilegging ætluð til að koma í veg fyrir að þeir gætu snúið aftur á þau svæði sem þeir höfðu verið reknir frá.

Eyðileggingin var mest nálægt landamæragirðingum Gaza. Ísraelski herinn (IDF) kallar svæðið sem liggur að Ísrael „stuðpúðasvæði“ (e. buffer zone). Það er bannsvæði fyrir Palestínumenn, *shetah hashmada*, sem er hebreska fyrir „útrýmingarsvæði“: sérhver Palestínumaður sem fer inn á það, eða stundum jafnvel nálgast það, er skotinn á staðnum. Meðal fórnarlambanna voru Palestínumenn, mörg

þeirra börn, sem vildu sjá hverju mögulegt væri að bjarga úr rústum heimila sinna, ná í mataraðstoð sem hafði verið varpað niður úr fallhlífum, eða einfaldlega villtust í nýju og ókunnuglegu landslagi. Jöfnun allra mannvirkja á stuðpúðasvæðinu var meðal annars ætlað að fjarlægja alla felustaði og gera Palestínumenn berskjaldaða fyrir leyniskyttum. Fyrir október var svæðið á bilinu 300 til 500 metra breitt. Tveimur vikum eftir að stríðið hófst var það stækkað í einn kílómetra. Vorið 2025 var það orðið tveggja kílómetra breitt; skömmu síðar var það þrír kílómetrar og allt innan þess var kerfisbundið jafnað við jörðu með jarðýtum. Þar sem stuðpúðasvæðið náði nú yfir svo stórt svæði var ekki hægt að nota leyniskyttur alls staðar og Palestínumenn voru þess í stað myrtir með drónum (quadcopter) sem búnir voru sprengjuvörpum. Á daginn var auðvelt að sjá fólk á einlitum bakgrunninum; á nóttunni námu hitaskynjarar drónanna líkamshita þeirra.

Í gegnum hernaðarsöguna hafa hlutlaus svæði – Rínarlandið eftir Versalasamninginn 1919, landræman milli Kúveit og Íraks eftir Persaflóastríðið 1991, vopnlausa svæðið milli Norður- og Suður-Kóreu eða landið milli tyrkneska og gríska hluta Kýpur – verið leið til að viðhalda vopnahléi með því að halda herjum aðskildum. Á þeim átta áratugum sem liðnir eru frá stofnun Ísraelsríkis hafa hlutlaus svæði þess í stað verið notuð sem tæki til hernáms, brottflutnings og útrýmingar. Samkvæmt skilmálum vopnahléssamningsins milli Egyptalands og Ísraels sem batt enda á stríðið 1948 voru fremstu vígstöðvar Ísraela staðsettar um þremur kílómetrum austan við núverandi landamæri Gaza, eins og palestínski sagnfræðingurinn og kortagerðarmaðurinn Salman Abu Sitta hefur sýnt fram á. Línan liggur yfir al-Ma'in, þorpið þar sem hann fæddist og var rekinn frá ásamt fjölskyldu sinni 14. maí 1948. Al-Ma'in og önnur palestínsk þorp voru fljótlega rýmd og í stað þeirra komu landbúnaðarsamyrkjubúin sem Hamas réðist á 7. október 2023. Landnemarnir stækkuðu landsvæði Ísraels með ræktun og fjarlægðu leifar palestínskra heimila, vega og akra. Þeir plægðu yfir kirkjugarða því þangað sneru Palestínumenn oft aftur. Hermönnum og landnemum var skipað að skjóta hvern þann, vopnaðan eða óvopnaðan, sem fór inn á svæðið.

Fyrir sex daga stríðið 1967 bauðst Hussein Jórdaníukonungur leynilega til að halda Vesturbakkanum sem hlutlausu svæði ef Ísrael lofaði að ráðast ekki inn. Ísrael hertók svæðið engu að síður. Eftir stríðið gerði öryggisáætlun, sem Yigal Allon fyrrverandi herforingi samdi, ráð fyrir að tíu til fimmtán kílómetra breið ræma af Jórdandalnum (sem nær yfir um þriðjung Vesturbakkans) yrði innlimuð og byggð landtökubyggðum til að mynda eystri mörk hlutlausa svæðisins fyrir Ísraels. Þjóðernishreinsanir á palestínskum bændasamfélögum á svæðinu hófust skömmu síðar og hafa haldið áfram með hléum allar götur síðan. Brottrekstur hefur aukist verulega frá október 2023 og enn frekar frá því að árásir Bandaríkjanna og Ísraels á Íran hófust, þar sem ísraelski herinn hvetur til og tekur þátt í ofsóknum landtökumanna gegn þeim palestínsku samfélögum sem eftir eru. Bezalel Smotrich, landtökumaður á Vesturbakkanum og fjármálaráðherra Ísraels, lofaði því snemma árs 2025 að palestínsk þorp og borgir á Vesturbakkanum myndu „líkjast Rafah og Khan Younis. Þau verða einnig gerð að óbyggilegum rústum og íbúar þeirra neyddir til að flytjast búferlum og leita sér nýs lífs í öðrum löndum.“

Svipað ferli átti sér stað í norðurhluta landsins. Í sex daga stríðinu 1967 hertók Ísrael Gólanhæðir með það yfirlýsta markmið að skapa hlutlaust svæði milli sýrlenska hersins og landbúnaðarbyggða Ísraels í efri hluta Jórdandals. Fleiri landtökubyggðir voru reistar á hernumda svæðinu og árið 1981 innlimaði Ísrael það formlega. Í desember 2024, eftir fall Bashars al-Assad Sýrlandsforseta, stækkaði ísraelski herinn „sótthreinsað varnarsvæði“ (e. sterile defence zone) lengra inn á sýrlensku landsvæði, rak sýrlenska íbúa á brott, eyðilagði hernaðar- og borgaralegar byggingar, þar á meðal al-Golan sjúkrahúsið og al-Andalus kvikmyndahúsið í Quneitra, og ruddi burt aldingörðum, skógum og ökrum og hrúgaði upp jarðvegi til að byggja herstöðvar, skotgrafir og varnargarða.

Í nýjustu innrás Ísraels í Líbanon hafa 600.000 Líbanir verið reknir burt til að mynda nýtt hlutlaust svæði. Ísraelsher hefur sprengt allar brýr yfir Litani-ána, þrjátíu kílómetra frá landamærunum, til að loka svæðið af frá öðrum hlutum Líbanon og nú er byrjað að eyðileggja kerfisbundið þorpin næst landamærunum. Endurkoma líbanskra íbúa til þessara þorpa verður bönnuð, sagði Israel Katz,

varnarmálaráðherra Ísraels, „þar til öryggi og velferð íbúa í norðurhluta [Ísraels] er tryggð“ – krafa hans er óframkvæmanleg. Ísraelsk landnemasamtök hafa birt áætlanir um „landnám í Suður-Líbanon“ og gefið út kort sem gefa líbönskum þorpum hebresk nöfn og ögra með því að auglýsa lóðir til sölu.

Þetta er dæmi um hringrök 2) landnemanýlendustefnu zíonista: landtökubyggðir eru reistar til að merkja og verja landamæri ríkisins, en það gerir þær viðkvæmar fyrir árásum og því er komið á fót öryggissvæði til að verja þær. Í kjölfarið er þetta öryggissvæði sjálft byggt upp til að merkja og verja nýstækkuð landamæri og þá verður annað öryggissvæði nauðsynlegt. Með þessum hætti er áhætta sköpuð og síðan virkjuð með endurtekningu sem þjóðarmorðsfræðingurinn A. Dirk Moses hefur kallað „varanlegt öryggi“.

Undanfarin tvö og hálft ár hefur Gaza ekki aðeins verið niðurrifssvæði heldur einnig byggingasvæði, endurmótað samkvæmt teikningum Ísraels. Rústum bygginga var hrúgað upp í landslag jarðvegsgarða, sem síðan voru mótaðir í varnarvirki, fangageymslur og herstöðvar þaðan sem ísraelskir skriðdrekar og leyniskyttur stjórnuðu svæðinu þar sem eftirlifendur voru saman komnir. Umfang jarðvinnunnar var svo mikið að tvö hundruð jarðýtur Ísraels dugðu engan veginn – margar skemmdust af völdum palestínsku andspyrnunnar – og Ísrael þurfti bráðlega tvö hundruð til viðbótar. Seint á árinu 2024 seinkaði ríkisstjórn Biden útflutningi þeirra og þær voru ekki sendar fyrr en Trump tók við embætti. Í millitíðinni réð Ísraelsher einkaverktaka með jarðýtur, marga þeirra landtökumenn á Vesturbakkanum.

Ef Palestínumenn reyndu einhvern tíma að snúa aftur á niðurrifssvæðin, sagði ísraelskur jarðýtustjórnandi að nafni Abraham Zarbiv, myndu þeir „snúa aftur að engu. Tugþúsundir fjölskyldna eru skildar eftir án skjala, án ljósmynda frá æskuárunum, án skilríkja, þær eiga ekkert eftir. Ef þær snúa aftur, munu þær ekki vita hvar heimili þeirra var. Allt sem þær munu finna er sandur.“ Eyðing hins byggða umhverfis birtist einnig í eyðingu skjala sem skrásettu það. Skipulagsuppdrættir sveitarfélaga, söguleg kort og eignarskjöl voru eyðilögð þegar Ísrael sprengdi aðalskjalasafn Gazaborgar í nóvember 2023.

Herinn „breytti landslagi svæðisins svo það er óþekkjanlegt“, skrifaði palestínska skáldið Omar Moussa þann mánuð. „Ef við lifum þetta stríð af,“ vitnaði hann í vin sinn spyrja, „hver yrði þá samkomustaður okkar?“ Eftir fyrri heimsstyrjöldina eyðilögðu fordæmalausir andlitsáverkar af völdum sprengikúlna sjálfsmynd hermanna. Landfræðileg hliðstæða þessa að Palestínumenn verða áttavilltir þegar þeir nálgast staði sem áður voru heimili þeirra. Ný tegund sálfræðilegra pyntinga kom í ljós. Palestínskum föngum með bundið fyrir augun var ekið aftur í gömlu hverfin sín, sem nú voru haf af rústum. „Þegar við tókum klútinn af augum þeirra,“ sagði Zarbiv, „voru þeir algjörlega áttavilltir, þeir skildu ekki hvar þeir voru.“ Jarðýtustjórinn Zarbiv, sem er einnig dómari við rabbínadómstól, hefur verið valinn til að kveikja á kyndli við hátíðarhöld á sjálfstæðisdegi Ísraels.

Aðfararnótt 24. mars 2025 myrtu ísraelskir hermenn fimmtán viðbragðsaðila Rauða hálfmánans og grófu lík þeirra undir háum jarðvegsgörðum nálægt Rafah. Asaad al-Nasasra, sjúkraliði hjá palestínska Rauða hálfmánanum, einn tveggja sem lifðu árásina af, var yfirheyrður og pyntaður í holu sem grafin hafði verið í nágrenninu með jarðýtum. Hann lýsti raunum sínum fyrir rannsakendum frá Forensic Architecture 3), sem notuðu lýsingar hans til að reyna að móta breytingarnar á landslaginu. Þegar augnbindið var fjarlægt, áttaði hann sig á því að „þeir höfðu gjörbreytt staðnum. Þegar ég sá staðinn, varð ég histerískur. Ég skildi ekki neitt.“ Til að endurskapa atvikið unnu rannsakendurnir með Earshot, opnum rannsóknarhópi á sviði hljóðgreiningar, sem greindi hljóð skothríðar sem tekið var upp á síma eins af myrtu sjúkraliðunum. Lawrence Abu Hamdan, sem stofnaði Earshot, sagði mér að niðurrifið hefði einnig gjörbreytt hljóðlandslaginu. Venjulega, sagði hann, sýna hljóðupptökur af skothríð í þéttbýli hljóð sem bergmálar úr mörgum mismunandi áttum. Hér stóðu aðeins eftir þrír veggir sem höfðu af einhverjum ástæðum ekki verið brotnir niður. Nýja landslagið gerði kleift að fá skýrt bergmál, sem gerði það mögulegt að endurskapa atvik út frá hljóðeinkennum þeirra.

Vikurnar eftir fjöldamorðin var jarðvegi og rústum á þessu svæði hrúgað upp í röð mannvirkja við hliðina á staðnum. Þau umkringdu opið svæði, sem fljótlega varð eitt af þeim svæðum sem rekin voru af nýstofnuðum Gaza Humanitarian Foundation, samtökum sem fjármögnuð voru af bandarískum og ísraelskum frumkvöðlum og áttu að hafa tekið að sér hlutverk matvæladreifingar, án þátttöku Sameinuðu þjóðanna. Úthlutunarstöðvar þeirra söfnuðu hungruðum Palestínumönnum saman á fjórum ákveðnum stöðum, allir nálægt ísraelskum herstöðvum, þrír þeirra nálægt landamærunum að Egyptalandi. Hundruð voru myrt af ísraelskum hermönnum og bandarískum málaliðum þegar þeir neyddust til að keppa um matarskammta.

Núverandi „vopnahlé“ tók gildi 10. október 2025. Samkvæmt skilmálum þess var Gaza skipt í tvö svæði með gulri línu sem lá nokkurn veginn meðfram jaðri aðskilnaðarsvæðisins og þannig réði ísraelsher yfir 54 prósentum af Gaza. Í desember hafði Ísrael einhliða fært línuna vestur og aukið svæðið undir sinni stjórn í 58 prósent. Eyal Zamir, starfsmannastjóri Ísraelshers, lýsti gulri línu sem „nýjum landamærum“ Ísraels að Gaza.

Línan var dregin meðfram sandsteinshrygg sem liggur samsíða ströndinni, um þremur kílómetrum frá ströndinni. Í um sjötíu metra hæð yfir sjávarmáli veitir hann ísraelskum hersveitum yfirráð yfir Palestínumönnum sem neyddir eru inn á svæðið við sjávarströndina. Sandsteinshryggurinn hefur mótað lífið á svæðinu frá örófi alda. Á hverju ári veðrast milljónir rúmmetra af graníti frá eþíópísku hásléttunni og breytast í sand sem berst niður Níl til Miðjarðarhafsins. Sjávarföll bera mikið magn af þessum sandi meðfram palestínsku strandlengjunni. Fyrir árþúsundum síðan steingerðist ein af þessum fornu sandöldum í sandsteinshrygg – ógnvekjandi hindrun sem stíflar austurrek annarra sandalda meðfram ströndinni. Vestan við hrygginn er svæðið aðallega sandur; austan við hann er jarðvegurinn frjósamur. Í margar kynslóðir ræktuðu bedúínaættbálkar flesta hveiti- og byggakra Palestínu á frjósömum sléttum Beersheba-svæðisins. Þessir bændur voru meðal þeirra tvö hundruð þúsund Palestínumanna sem voru hraktir af landi sínu og lokaðir inni á strandlengju milli bæjanna Rafah og Gaza á síðustu mánuðum ársins 1948. Örmjó ræma af þessum jarðvegi, þriggja til fjögurra kílómetra breið, varð eftir innan landamæra Gaza. Á síðustu áratugum var þetta frjósama land kornforðabúr Gaza. Nú er það allt Ísraelsmegin við gulu línuna.

Hjá Forensic Architecture uppgötvuðum nýjan jarðvegsgarð sem hefur verið byggður meðfram stórum hluta gulu línunnar, auk sjö nýrra herstöðva. Ein þeirra var reist á kirkjugarði. Alls eru 48 herstöðvar austan við gulu línuna. Zamir hefur sagt að þær séu bækistöðvar þaðan sem frekari innrásir inn á strandsvæðið verði gerðar ef nauðsyn krefur. Í fyrstu voru nýju herstöðvarnar ekki annað en hrúgur af mold og rústum, skipulagðar í misjafnlega lagaðar girðingar. En á síðustu mánuðum hafa afgirtu svæðin og vegirnir sem liggja að þeim verið malbikaðir. Rafmagnsstaurar hafa verið reistir og vegirnir lýstir upp. Þéttskipuð einingahús hafa verið reist innan bækistöðvanna og háir turnar á jaðrinum fyrir fjarskipta- og eftirlitsbúnað. Bækistöðvarnar virðast ekki lengur vera þær bráðabirgðaráðstafanir sem vopnahlésáætlun Trumps heldur fram að þær séu, heldur varanleg hernámstæki. Nýmalbikaðir vegir tengja bækistöðvarnar við stjórnkerfi sem er tengt vegakerfi og fjarskiptaneti Ísraels.

Vestan við gulu línuna stjórnar Hamas. Eftirlifandi Gazabúar búa í og á milli rústanna eða í gríðarstórum tjaldabúðum. Vetrarkuldinn – hitastigið getur farið niður í fimm gráður – hefur leitt til dauðsfalla af völdum ofkælingar, sérstaklega meðal ungbarna. Sumarið, með hita yfir fjörutíu gráður, nálgast óðfluga. Undanfarin sumur hafa börn kafnað í skýlum úr plastdúkum eða með bráðabirgðaþökum úr tini: varanleg mannvirki eru ekki leyfð. Pollarnir eru gróðrarstía fyrir moskítóflugur; sorphaugar eru yfirfullir; skólp rennur óhindrað og nagdýr eru alls staðar. Ísrael leyfir ekki að efni og skordýraeitur sem gætu hjálpað til við að takast á við þessi vandamál komist til Gaza. Þrátt fyrir að sum heilbrigðisþjónusta hafi verið endurreist að hluta til þökk sé viðleitni palestínskra lækna og alþjóðlegra frjálsra félagasamtaka, starfar heilbrigðiskerfið varla. Skortur á lyfjum og bágborið hreinlæti þýðir að jafnvel minniháttar meiðsli leiða til sýkinga. Meira en 40 prósent skilunarsjúklinga á Gaza hafa látist vegna skorts á meðferð. Eftirlifandi íbúar Gaza hafa verið settir í

þá stöðu að berjast fyrir tilverunni, þar sem þeir þola stöðugt hungur og þorsta undir sífelldum nið morðdróna og sprengjuflugvéla. Með því að stjórna því hversu mikil hjálp fær að komast inn – henni var lokað tímabundið í mars eftir að árás Bandaríkjanna og Ísraels á Íran hófst – getur Ísrael haldið áfram að fínstilla lífsskilyrðin. Þeir vilja að Palestínumenn fari eða hljóti hægan dauðdaga. Samt sem áður sýna myndbönd, sem skrásetja líf á Gaza undir þjóðarmorði, fólk að elda mat yfir sameiginlegum eldum, starfrækja kennslu undir berum himni og nemendur sem skila inn ritgerðum til háskóla þótt skólabyggingarnar séu ekki lengur til.

Ísraelska landtökuhreyfingin beitir ísraelsk stjórnvöld miklum þrýstingi til að hefja byggingu landtökubyggða innan hins stórlega stækkaða öryggissvæðis. Í desember sagði Katz varnarmálaráðherra að Ísrael myndi „aldrei yfirgefa Gaza“ og myndi breyta herstöðvunum í svokallaðar „Nahal-stöðvar“, sem eru hannaðar til að þróast í borgaralegar landtökubyggðir. Sumar landtökubyggðanna í kringum Gaza byrjuðu sem Nahal-stöðvar snemma á sjötta áratugnum, líkt og margar landtökubyggðirnar á Vesturbakkanum.

Þar sem jafnvel Donald Trump er opinberlega á móti byggingu landtökubyggða gyðinga á Gaza, neyddi Netanyahu Katz til að draga yfirlýsingu sína til baka. Ísraelsk stjórnvöld ákváðu að taka upp óljósa afstöðu og kaupa sér tíma með því að seinka brottflutningi hersins og byggja upp stöður sínar og innviði austan við gulu línuna. Umbreyting þessara herstöðva í borgaralegar landnemabyggðir verður að bíða þess að athygli heimsins beinist annað.

Á meðan er verið að kynna fjarstæðukenndar uppbyggingaráætlanir til að hylma yfir raunveruleika yfirstandandi eyðileggingar á lífi Palestínumanna á Gaza, sem er orðið að veiðilendum fasteignahákarla sem jafnframt eru stjórnmálamenn. Þann 4. febrúar 2025, á meðan á tveggja mánaða vopnahléi stóð í kjölfar annarrar embættistöku Trumps, tilkynnti forsetinn óvænt að Bandaríkin myndu „taka yfir Gazasvæðið“. Gaza, sagði Trump, hefði „frábæra staðsetningu ... við sjóinn, besta veðrið“ og yrði „Rivíera Miðausturlanda“. Þótt Bandaríkin hefðu áður gert lítið úr eyðileggingunni, fór ríkisstjórn Trumps að ýkja hana. Þetta var ekki sprottið af mannúðarástæðum. Ríkisstjórnin vísaði til Gaza sem „niðurrifssvæðis“ og sagði að uppbygging krefðist algjörrar rýmingar. Palestínumenn á þéttbýlissvæðinu við ströndina yrðu hvattir til að flytja á „fínan stað“ annars staðar. Uppbyggingin myndi leiða til þeirrar fólksflutninga sem ísraelska hernum hafði ekki tekist að ná fram í stríðinu.

Til að koma í veg fyrir Riviera-áætlun Trumps lögðu Egyptaland, Sádi-Arabía, Jórdanía og Sameinuðu arabísku furstadæmin fram sína eigin aðaláætlun. Hún var heldur ekki sprottin af mannúðarástæðum, heldur hönnuð til að tryggja að Palestínumenn yrðu áfram á Gazasvæðinu í stað þess að vera reknir inn á yfirráðasvæði þessara landa. Lagt var til að byggja „græna og snjalla borg sem knúin væri endurnýjanlegri orku“. Hún var augljóslega hönnuð til að þóknast Ísraelum. Öryggissvæðið var fellt inn í áætlunina, táknað sem „opið grænt svæði“ þar sem engin mannvirki skyldu reist.

Sumarið 2025 kynnti hópur ísraelskra frumkvöðla annað framtak, Gaza Reconstitution, Economic Acceleration and Transformation Trust, eða GREAT. Fólkið á bak við það – áhættufjárfestirinn Michael Eisenberg, tæknifrumkvöðullinn Liran Tancman o.fl. – lagði einnig til og hafði yfirumsjón með Gaza Humanitarian Foundation sem kom á fót hervæddum matarstöðvum á suðurhluta Gaza. GREAT tók við þar sem Riviera-sýn Trumps lauk. Þar var lagt til að byggja „heimsklassa“ stranddvalarstað, með röð „gervigreindarknúinna“ borga lengra inni í landi. „MBZ-hraðbraut“ nefnd eftir forseta Sameinuðu arabísku furstadæmanna, „MBS-hringvegur“ nefndur eftir krónprinsi Sádi-Arabíu og „snjallframleiðslusvæði Elons Musk“ áttu að fá þessa einstaklinga til að greiða hluta af reikningnum. Sumir Palestínumenn gætu verið um kyrrt; aðrir fengju lítilfjörlega fjárhagsaðstoð til að flytja annað.

Vopnahléið í október 2025 skapaði tækifæri til að uppfæra þessa áætlun. Friðarráð Trumps er skipað eins og hver er hver (who’s who) í popúlískri alræðishyggju: Trump sem formaður til lífstíðar, fékk til liðs við sig Benjamin Netanyahu, Javier Milei frá Argentínu, Viktor Orbán frá Ungverjalandi,

Abdullah II Jórdaníukonung og Recep Tayyip Erdoğan frá Tyrklandi. Marco Rubio, Jared Kushner, Tony Blair og fleiri voru settir yfir nefnd til að hafa umsjón með palestínskum tæknikrötum sem myndu stjórna daglegum málefnum á Gaza. Ný hernaðarstofnun, þekkt sem Alþjóðlega stöðugleikasveitin (International Stabilisation Force ISF), myndi taka yfir öryggiseftirlit. Eins og Shawan Jabarin, forstjóri palestínsku mannréttindasamtakanna Al-Haq, sagði við mig, fól tillagan aðeins í sér merkingarlega breytingu á rökfræði hernámsins: ISF myndi einfaldlega koma í stað IDF (Israel Defence Force) sem hernámsveldi.

Kushner tengdasonur Trumps, kynnti arkitektúrsýn Friðarráðsins á Alþjóðaefnahagsráðstefnunni í Davos. Verkefnið Sunrice bætti smáatriðum við ofsjónarkennda sýn á rivíeru með teikningum af 180 háreistum lúxusbyggingum, en á bak við þær voru sjö klasar af þéttbýlis- og iðnaðaruppbyggingu, aðskildir með breiðum vegum sem fylgdu leiðum herveganna sem Ísrael hefur lagt frá október 2023 til að skipta Gaza niður í viðráðanlega hluta. Austan við þá var öryggissvæðið, dulið sem landbúnaðarsvæði. Fyrirhugaður stjórnunararkitektúr náði inn í netheima. Tancman, sem útskrifaðist úr úrvalsdeild 8200 í netnjósnum Ísraels, var fenginn af Trump til að semja stafræna endurskoðunaráætlun. Hún fól meðal annars í sér yfirlýsingu um að fyrir júlí á þessu ári myndi ókeypis háhraða internetþjónusta færa öll félagsleg samskipti og fjármálaviðskipti á netið. Markmiðið var ekki að hjálpa palestínsku efnahagslífi heldur að gera öll fjármála- og stjórnsýsluviðskipti háð eftirliti Ísraels.

Enduruppbyggingin veitir ísraelskum stjórnvöldum vogarafl. Stórfelld uppbygging tekur mörg ár. Með fullri stjórn á eftirlitsstöðvum og flugstöðvum og hverjum einasta vörubíl með sementi og byggingarefni sem fer yfir til Gaza, getur Ísrael tryggt að enduruppbygging verði áfram eilíft „verkefni“. Myndin af lúxusturnum sem reistir eru yfir fjöldagröfum, þar sem tugþúsundir eru að öllum líkindum grafnar, felur í sér rökfræði þjóðarmorðs 21. aldar. Ísraelsk stjórnvöld vonast nú til þess, með orðum fyrrverandi ráðherra Ron Dermer, að það sem „tveggja ára stríð náði ekki að gera verði gert af markaðsöflum“. Útrýmingu palestínsks lífs á Gaza gæti, þvert á innsæi, verið náð með byggingarlistrænum aðferðum.

Í janúar komu rannsakendur Forensic Architecture auga á framkvæmdir á eins ferkílómetra svæði, umkringdum nokkrum herstöðvum, á ísraelska yfirráðasvæðinu við Gulu línuna, rétt austan við rústir Rafah. Skjal frá bandaríska hernum sem var lekið, leiddi í ljós að þetta væri tilraunaverkefni fyrir áætlun sem kallast „Valkostur fyrir örugg samfélög“, sem mun bjóða tugþúsundum Palestínumanna, sem hafa verið skimaðir og eru tilbúnir afneita Hamas, húsnæði í samfélögum með einingahúsum með vatni, hreinlætisaðstöðu og rafmagni; moskur og skólar munu stuðla að eðlilegum samskiptum við Ísrael í samræmi við námskrá sem notuð er af Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Mynd sem sýndi tillögu af því sem nefnt er Emírata-hverfið sýnir skipulag nýrrar tegundar flóttamannabúða. Í áætluninni eru tveggja hæða einingahús – ekki nógu há til að „ógna“ ísraelskum hersveitum – lögð meðfram breiðum götum sem gera ísraelskum bryndrekum kleyft að aka um svæðin til eftirlits. Í miðjunni er stór garður sem umlykur einnar hæðar mosku. Þetta, frekar en lúxushúsnæði og rivíera, er það mesta sem Palestínumenn geta vonast eftir úr enduruppbyggingaráætlunum. Íbúar myndu fara inn og út úr girtum búðunum í gegnum sjálfvirkar eftirlitsstöðvar með skynjurum sem greina andlit. Áætlunin býður einnig upp á hjálp fyrir „íbúa sem vilja ferðast til útlanda“.

Öll þessi framtaksverkefni hunsuðu palestínska skipulagsfræðinga og arkitekta, þótt nokkrar palestínskar enduruppbyggingaráætlanir hafi verið lagðar fram. Ein þeirra, Phoenix Gaza Initiative, var unnin af Sambandi sveitarfélaga á Gazasvæðinu í samvinnu við palestínska arkitekta í Palestínu og meðal palestínskra útlaga, og byggir á „félagslegum og staðbundnum tengslum sem enn eru til staðar á Gaza“. Hverfi og flóttamannabúðir sem búið er að eyða - sum þeirra, líkt og Rafah og Jabalia, eru sögulegar miðstöðvar palestínskrar þjóðernisvitundar - á að endurbyggja, hús fyrir hús, eftir að fyrri eignarréttur á hinu afmáða yfirborði hefur verið vandlega afnuminn. Á meðan á enduruppbyggingunni stendur yrði hver fjölskylda hýst nálægt staðnum þar sem heimili þeirra var rifið og samfélögin tækju þátt í enduruppbyggingunni.

Enduruppbyggingaráætlanir sem þröngvað er upp á Palestínumenn með því óbeina markmiði að eyðileggja palestínskt líf á Gaza sýna ástæðuna fyrir því að Lemkin áskildi byggingarlistinni sess í hugmynd sinni um þjóðarmorðsglæpinn. Hann vissi að það hvernig þjóð skipuleggur rými sitt er birtingarmynd sögu hennar og félagslegrar uppbyggingar. „Þjóðarmorð hefur tvo áfanga," skrifaði Lemkin í *Axis Rule in Occupied Europe*. Sá fyrri felur í sér „eyðileggingu á þjóðernismynstri hins kúgaða hóps" – því var náð á Gaza með hrikalegum sprengjuárásum Ísraels. Sá síðari felur í sér að kúgarinn þröngvar upp hönnun sinni, eins og þessar enduruppbyggingaráætlanir fyrir Gaza. „Þessi uppþröngvun getur aftur á móti," skrifaði hann, „beinst að þeim kúgaða íbúahópi sem fær að vera eftir, eða að landsvæðinu einu, eftir að íbúarnir hafa verið fjarlægðir og landsvæðið numið af eigin þjóðerni kúgarans."

Eyal Weizman er bresk-ísraelskur arkitekt fæddur 1970. Hann er forstöðumaður rannsóknarstofnunarinnar Forensic Architecture við Goldsmiths, University of London, þar sem hann er prófessor í rýmis- og sjónmenningu (e. Visual Cultures) og einn af stofnendum Centre for Research Architecture við sjónmenningardeildina. Árið 2019 var hann kjörinn félagi í Bresku akademíunni.

1) Ólífræn arsen efnasambönd finnast víða í jarðskorpunni og eru algengur mengunarvaldur í grunnvatni og jarðvegi.
2) Circular logic (hringrök), oft kallað circular reasoning eða begging the question á ensku, er röksemdafærsla þar sem niðurstaðan er þegar gefin í forsendunum. Þetta er óformleg rökvilla þar sem sá sem rökstyður eitthvað notar fullyrðinguna sjálfa sem sönnun fyrir því að hún sé sönn, í stað þess að færa rök fyrir henni með óháðum gögnum.
3) Forensic Architecture er þverfaglegur rannsóknarhópur með aðsetur í Goldsmiths, University of London, sem notar aðferðir og tækni úr byggingarlist til að rannsaka tilvik ríkisofbeldis og mannréttindabrota um allan heim

Greinina má finna á netinu:
https://www.lrb.co.uk/the-paper/v48/n07/eyal-weizman/all-they-will-find-is-sand?fbclid=IwY2xjawRMOqBleHRuA2FlbQIxMABicmlkETF6MExWMnU4SGt4SnlyWHFuc3J0YwZhcHBfaWQQMjIyMDM5MTc4ODIwMDg5MgABHhcT4b2fIyU0xlK9o-5a6MPMhk_yshMUahwLynnC2MlemsfXNYgCdhwkrJzY_aem_0LYR21KLCxWmXYzA1FbIOw